



## **94. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni haldinn í Teams fjarfundabúnaði (vegna Covid-19) þriðjudaginn 17. nóvember 2020 kl. 13:00**

Fundinn sátu: Gunnar Þorgeirsson, Friðrik Sigurbjörnsson, Engilbert Olgeirsson, Eydís Þ. Indriðadóttir, Sandra Dís Hafþórsdóttir Sindri Bernholt (fulltrúi nemenda), Freyja Rós Haraldsdóttir (fulltrúi kennara), Sigríður Karólína Viðarsdóttir (fulltrúi FOMEL), Ragnheiður Bjarnadóttir fjármálastjóri og gjaldkeri, Áslaug Harðardóttir áfangastjóri og Jóna Katrín Hilmarsdóttir skólameistari.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun ML 2021
2. Samningur mötuneytis við Grunnskóla Bláskógabyggðar á Laugarvatni
3. Deiliskipulag Bláskógabyggðar
4. Önnur mál

Gunnar bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

### **1. Fjárhagsáætlun ML 2021**

Ragnheiður tók fram að ekki er búið að skila áætluninni. Skólameistari bíður eftir svari frá stjórnvöldum um viðbótarfjármagn vegna Covid-19. Von er á svari um 24. nóvember. Ragnheiður fór yfir fjárhagsáætlunina eins og hún lítur út núna. Áætlaður halli fyrir 2020 er 16 milljónir, en 7 milljónir fyrir 2021. Gunnar lagði áherslu á að skólinn myndi ítreka við fyrföld þá erfiðu stöðu sem skólinn er í þegar engar eru húsaleigutekjurnar.

Skólameistari sagði frá fundi með menntamálayfirvöldum. Skólinn fékk hrós fyrir gott innra starf, áætlanagerð o.fl. Freyja Rós Haraldsdóttir er svo sannarlega betri en enginn í þeirri vinnu! Einnig sagði skólameistari frá þeim endurbótum sem standa nú yfir á skólahúsnæðinu. Verið er að skipta um klæðningu og glugga.

Gunnar spurði um hvernig staðan væri á skólastarfinu sjálfu. Jóna Katrín sagði að það hefði verið ákveðið á kennarafundi að klára kennslu þessarar annar í fjarnámi. Í þessari viku eru nokkrir nemendur 3. bekkjar að ljúka verklegum þáttum hér í skólanum. Lokanámsmat mun einnig fara fram í fjarvinnu, nema í nokkrum áföngum hjá 3. bekk. Vonast er til að hægt verði að hafa nemendur í skólahúsinu á næstu önn að einhverju leyti, kannski einn bekk í húsi í einu eða 1. – og 3. bekk saman og 2. bekk sér. Gunnar spurði um líðan nemenda. Sindri sagði að nemendum líði ekki sérstaklega vel í þessu ástandi. Þó hefur nemendafélaginu tekist að standa fyrir nokkrum viðburðum á netinu. Nokkur umræða skapaðist um líðan og gengi hins almenna framhaldsskólanema í þessu covid ástandi.



### **3. Deiliskipulagsstillaga Bláskógabyggðar**

Skólanefnd getur ekki fallist á tvílyft hús á byggingareitum við Garðstíg. Skólanefndin gerir athugasemdir við nýja vegtengingu um Fáfnistún og leggur til vegtengingu annaðhvort niður Garðstíg að Traustatúni eða nýja tengingu inn á hringtorgið. Ef þetta er ekki mögulegt leggur nefndin til að sett verði undirgöng á gönguleið nemenda út á heimavistir. Skólameistara falið að senda inn formlegar athugasemdir og formanni skólanefndar falið að fylgja eftir athugasemdum við oddvita og hönnuð skipulagsins.

### **4. Önnur mál**

Skólameistara barst til eyrna að hægt væri að sækja um styrk til að setja upp rafhleðslustöð fyrir bíla á bílastæði ML. Orkusjóður, Fasteignir ríkisins og ML myndu skipta kostnaðinum á milli sín. Skólameistari sótti um og von er á svari bráðlega.

Ragnheiður sýndi stöðuna á ársreikningi mótuneytisins fyrir síðasta skólaár. Reikningurinn er neikvæður upp á tæpar 12 milljónir. Skólameistari hefur áréttað þessa stöðu við menntamálayfirvöld.

Skólameistari fór yfir gjaldsetningu á mat til Bláskógaskóla á Laugarvatni. Fundarmönnum fannst gjaldið lágt. Gunnar lagði til að samningurinn við sveitarfélagið yrði skoðaður og stefnt að því að gjaldið yrði hækkað.

Sigríður þakkaði fyrir grímurnar sem nemendur og starfsfólk fékk sendar.

Ákveðið að fundargerðin yrði send fundarmönnum í tölvupósti og athugasemdir gerðar þar.

Fundi slitið kl. 14:13.

Fundargerð ritaði Áslaug Harðardóttir.